



Til aðildarhafna Hafnasambands Íslands

Reykjavík 23. janúar 2024

2210002HA VRH

Málalykill: 30.03

Efni: Boðun hafnasambandsþings 2024

Í samræmi við 5. gr. laga Hafnasambands Íslands boðar stjórn hafnasambandsins til 44. hafnasambandsþings sem haldið verður í Hofi á Akureyri 24.-25. október 2024.

Samkvæmt 4. gr. laga hafnasambandsins velja aðildarhafnir fulltrúa á hafnasambandsþing og skal fulltrúafjöldi miðast við árstekjur skv. ársreikningi hafnasjóðs næstliðins árs að undanskildum óreglulegum tekjum. Upplýsingar um fjölda fulltrúa hvers hafnasjóðs verða sendar út um leið og aðildarhafnir hafa sent ársreikning sinn til hafnasambandsins. Vinsamlegast sendið þær upplýsingar á samband@samband.is.

Varafulltrúar á hafnasambandsþing skulu valdir jafnmargir. Heimilt er aðildarhöfn að senda fleiri fulltrúa en þá sem hafa atkvæðisrétt. Þátttökugjald á hafnasambandsþingið er 18.000 kr. á fulltrúa.

Kjörgengir á hafnasambandsþing og í stjórn Hafnasambands Íslands eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og hafnarstjórnnum, auk varamanna þeirra. Að auki eru kjörgengir starfsmenn hafna og sveitarfélaga.

Þingfulltrúar sjá sjálfir um ferðatilhögun og gistingu. Nóg er af lausu gistirými á Akureyri núna og því hvetjum við ykkur til að ganga frá bókunum á gistingu hið fyrsta.

Þess er óskað að sveitarstjórnir/hafnarstjórnir tilkynni skrifstofu Hafnasambands Íslands um kjör fulltrúa á hafnasambandsþing eigi síðar en 1. október nk. Þær upplýsingar skal senda á samband@samband.is.

Virðingarfyllst

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Lúðvík Geirsson

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands